

# KVIKMYNDASAFEN ÍSLANDS



Sýningaskrá 2012 - 2013





Eins og að undanfögnu fara sýningar Kvíkmyndasafns Íslands fram í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Ofsinis hefur verið að því spurt hvort ekki sé hægt að sýna hverja mynd í dagskrá safnsins oftar en verið hefur. Ýmsar samverkandi ástæður hafa valdið því að hver mynd hefur einungis verið sýnd tvisvar. Nú hefur verið ákveðið að gera tilraun með breytt fyrirkomulag. Það byggist á því að einungis verði sýndar íslenskar kvíkmyndir úr fótum safnsins á næsta sýningartímabili. Sýningar fara eftir sem áður fram á þriðjudögum kl. 20:00 og laugardögum kl. 16:00 eins og verið hefur en sýningartímabil hverrar myndar eða samsettrar syrpu úr mörgum myndum mun að jafnaði standa yfir í um einn mánuð. Nóvembersýningarnar teygja sig þó inn í miðjan desember og sýningar sem byrja að áliðnum janúar munu standa út febrúar. Sjá nánar um þetta fyrirkomulag í meðfylgjandi dagatalstöflum. Í maímánuði verða einungis þrjár sýningar en reynslan hefur sýnt að sá mánuður freistar ekki sýningargesta Kvíkmyndasafns Íslands.

Drjúgur hluti íslenska safnkostsins frá fyrri tíð er ekki í nothæfu ástandi fyrir kvíkmyndasýningar á bíótjaldi. Í sumum tilvikum er ekki á það hættandi að setja efnið í sýningavélar, óhentugt er að sýna 16mm filmur í bíói, gera þarf gamlar kvíkmyndir upp svo þær séu sýningarhæfar og síðast en ekki síst þá er til talsvert safn af verðmætu og skemmtilegu heimildarmyndum sem safnið varðveitir óklippt og án hljóðs. Allt þetta efni er hægt að gera sýningarhæft með skönnun og lágmarks eftirvinnslu. Safnið hefur verið að fíkra sig áfram á þeirri braut og hyggst nú nýta sér afrakstur þeirrar vinnu fyrir sýningamisserið sem í hönd fer. Lögð hefur verið séralin tónlist við allar þögla myndir misserisins og heilu myndasýrpu hafa verið snurfussaðar eða klipptar og skýrðar með textaskiltum. Akureyrarrefnið var t.d. klippt frá grunni við tónlist J. S. Bachs en án þess þó að líta megi á útkomuna sem fullgilda kvíkmynd. Aðrar kvíkmyndir voru fínklipptar og/eða samklipptar upp úr besta fánlega frumefninu eins og við á um Sögu Borgarættarinnar, sem nú skartar einnig nýrri tónlistarrás. Starfsmenn safnsins önnuðust sjálfir alla þessa eftirvinnslu. Það verður síðan að koma í ljós hvernig þessi nýbreytini mælist fyrir hjá unnum safnsins og þeim sem hafa áhuga á kvíkmyndaarfleifð íslensku þjóðarinnar/ES.

Texti, myndvinnsla, ritstjórn og hönnun sýningaskrár, frágangur kvíkmynda til sýningar í safnbíói (klipping, hljóðsetning o.fl.):

ERLENDUR SVEINSSON

Skönnun:

SIGFÚS GUÐMUNDSSON

Sýningarmaður:

SIGURJÓN JÓHANSSON

Upplýsingar um sýningar Kvíkmyndasafnsins eru birtar á vefsíðu þess: [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is) og á facebook síðunni: Kvíkmyndasafn Íslands.



KVÍKMYNDASAFN ÍSLANDS  
Hvaleyrarbraut 13  
220 Hafnarfirði  
Sími: 5655993  
Vefsíða: [www.kvikmyndasafn.is](http://www.kvikmyndasafn.is)

BÆJARBÍÓ, safnbíó  
Strandgötu 4  
220 Hafnarfirði  
Sími: 5556160  
Netfang: [kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is](mailto:kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is)

## AKUREYRARKVÍKMYNDR 1907 - 1969

Akureyringar urðu fyrstir Íslendinga til að sjá lifandi myndir á bíótjaldi. Það gerðist þann 27. júní árið 1903, þegar Norðmennirnir D. Fernander og R. Hallseth buðu þeim á kvíkmyndasýningu í Góðtemplarahúsi bæjarins. Elsta kvíkmyndin í þessari syrpu Akureyrarkvíkmynda er af konungskomunni frá árinu 1907, en hún var tekin á Akureyri einu ári eftir að elstu varðveittu kvíkmyndin af Íslendingum voru teknar í Reykjavík og í Kaupmanahöfn. Yngsta mynd syrpu sýnir þotu Flugleiða koma til Akureyrar í fyrsta sinn, árið 1969. Þar á milli kennir ýmissa grasa, eins og einstakar þjóðlifskvíkmyndir frá árum heimsstyrjaldarinnar síðari, konungskoman 1926, myndskleið af séra Matthíasi Jochumssyni, forsetaheimsóknir, skipakomur o. m. fl. Syrpan er samsett úr heimildarmyndum Hallgríms Einarssonar, Vigfúsar Sigurgeirssonar, Kjartans Ó. Bjarnasonar og Eðvarðs Sigurgeirssonar, en hann á flestar myndirnar í þessu úrvali. Syrpan er hljóðsett með fjölbreytilegri tónlist eftir J. S. Bach.



Sveinn Björnsson, forseti, kveður Akureyri



### Fríðrik konungur áttundi heimsækir Ísland (1907) Óþekktur kvíkmyndaökumaður

Árið 1907 kom Fríðrik konungur 8. til Akureyrar í Íslandsheimsókn sinni en hún var gjörð í beinu framhaldi af þingmannaförinni árið áður, sem einnig var kvíkmyndað og er elsta kvíkmyndin af Íslendingum. Það er ihugunarvert að einungis Akureyrarþátturinn hefur varðveist úr þessari mynd og sömuleiðis hitt að á þessari kvíkmynd má sjá síra Matthías Jochumson, höfuðskáld bæjarins ávarpa konung. Ókunnur kvíkmyndaökumaður á vegum fylgdarliðs konungs kvíkmyndaði.



### Konungskoman til Akureyrar (1926) Hallgrímur Einarsson (1878 - 1948)

Hallgrímur Einarsson starfaði sem ljósmyndari á Akureyri en hann nam ljósmyndun í Kaupmannhöfn á árunum 1894-95. Hann tók talsvert af kvíkmyndum á 9,5 mm kvíkmyndaökuvél m.a. af konungskomunni til Akureyrar árið 1926. Mest tók hann þó af fjölskyldu sinni við ýmis tækifæri. Kvíkmyndir hans hafa mikið heimildargildi þótt þær hafi látið á sjá.



### Heimsókn Sveins Björnssonar forseta um 1946 Vigfús Sigurgeirsson (1900 - 1984)

Vigfús Sigurgeirsson lærði ljósmyndun hjá Hallgrími Einarssyni og rak ljósmyndastofu á Akureyri fram til 1936 en fór eftir það til Þýskalands til að læra kvíkmyndaöku með styrk frá Fiskimálanefnd. Heimkominn til Íslands hóf hann töku landbúnaðarmyndar fyrir SÍS til að sýna á heimssýningunni í New York (sjá um sýningar safnsins í apríl 2013). Vigfús varð „hirdljósmyndari“ forsetaembættisins frá upphafi og kvíkmyndaði m.a. ferðalög fyrstu tveggja forsetanna um landið, þmt. til Akureyrar, sem og erlendis.



### Þættir frá Akureyri um 1950 eða þar um bil Kjartan Ó. Bjarnason (1901 - 1981)

Kjartan Ó. Bjarnason var einn af afkastamestu heimildarmyndagerðarmönnum Íslendinga um miðbik síðustu aldar. Hann keppti við Loft Guðmundsson um að annast kvíkmyndaöku við stofnun Lýðveldisins á Þingvöllum árið 1944 og var faid verkefnið. Hann fékk til liðs við sig bræðurna Vigfús og Eðvarð Sigurgeirssyni og tóku þeir hátíðarmynd af atburðinum á mjófilmu í lit. Kjartan Ó. ferðaðist um landið og tók m.a. þætti á Akureyri sem hafa mikið heimildargildi.



Sýningar í september 2012						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30						

### Úr safni heimildarkvíkmynda frá Akureyri 1942-69 Eðvarð Sigurgeirsson (1907 - 1999)

Eðvarð Sigurgeirsson lærði ljósmyndun á ljósmyndastofu Vigfúsar bróður síns á Akureyri. Hann eignaðist stofuna árið 1936 og tveimur árum síðar fyrstu kvíkmyndaökuvél sína. Hann byrjaði að kvíkmynda árið 1939 jafnhliða ljósmynduninni. Hann kom sér fljótlega upp sýningartækjum og ferðaðist um landið og sýndi eigin kvíkmyndir. Þekktustu heimildarmyndir hans eru *Geysisslýsið á Vatnajökli* og *Á hreindýraslóðum*. Þó ekki væri nema fyrir Akureyrarmyndir Eðvarðs þá ber að halda gagnmerku framlagi hans til íslenskrar heimildarmyndagerðar hátt á lofti.



## KVIKMYNDIR FRÁ ÁRUNUM 1921 OG 1909




### Íslenskar kvikmyndir (1920/1921)

Sænski heimildarmyndaflokkurinn *Íslenskar kvikmyndir*, sem gerður var í fjórum köflum árið 1920 og sýndur það ár í Kaupmannahöfn, hefur einungis varðveist í brotum. Sýndir verða þeir bítar sem telja verður líklegt að séu úr þessum myndaflokki. Heillegastur er þáttur sem ber yfirskriftina *Togveiðar við Íslandsstrendur (Trålfiske utan för Islands kust)*. Hann er eignaður Gustaf Boge, sem stóð að gerð myndaflokksins og er þekkt nafn í sænskri kvikmyndasögu. Að auki verða sýndir bítar frá Reykjavík, Hafnarfirði og víðar sem að öllum líkindum eru úr *Íslenskum kvikmyndum*. Í byrjun ársins 1921 sýndi Nýja Bíó *Íslenskar kvikmyndir, III. kafli*. Tveir kaflar munu hafa verið sýndir árið áður en litlu seinna var fjórði kafli sýndur. Hann var sagður geyma myndir frá Vestmannaeyjum, þar sem gaf að líta „gullfallegar myndir“ af fiskverkun og ullarþvotti, skv. blaðfrásögn.




### Konungskoman 1921

Heimsókn dönsku konungsfjölskyldunnar til Íslands sumarið 1921 vakti mikla athygli enda dagskráin viðburðarík með ferðalögum til Þingvalla, að Gullfossi og Geysi og Soginu. Konungur opnaði Rafstöðina við Elliðaár og stofnaði Fálkaorðuna og mikið var um veislur og hátíðahöld. Gamla Bíó og Nýja Bíó kostuðu sameiginlega framleiðslu myndarinnar en Peter Petersen (oftast nefndur Bíópetersen), forstjóri Gamla Bíós og Magnús Ólafsson ljósmyndari, sem tengdur var Nýja Bíói, filmuðu atburðinn. Myndin var látin heita *Konungskoman 1921* og var frumsýnd samtímis í Gamla Bíói og Nýja Bíói í ágústmánuði þetta ár þar sem hún gekk samfelt í vikutíma. Pétur Brynjólfsson, ljósmyndari, tók einnig kvikmynd af konungskomunni 1921 en einungis smábútur hefur varðveist úr þeirri mynd. Þá kvikmynduðu Danir atburðinn og má nefna í því sambandi að Gamla Bíó sýndi aukamyndina *Burtför konungsins og drottningarinnar frá Kaupmannahöfn 17. júní* þá um sumarið. Safnið sýnir kafla úr dönsku myndinni með þeirri íslensku.



### Fyrsti þúfnabaninn 1921

Ekki liggur fyrir hver tók kvikmyndina af þúfnabaninum, þessari miklu tæknijung í atvinnusögu Íslendinga. Leturgerð textaskilta myndarinnar, upptökustaður í Fossvogi og tókutími í ágústbyrjun árið 1921 gefur til kynna að Bíópetersen, forstjóri Gamla Bíós, hafi tekið myndina. Samkvæmt því hefur hann kvikmyndað þúfnabanann rúmri viku fyrir frumsýningu Konungskomunnar.



### Þorskveiðar við Íslandsstrendur (í vörpu og á línu) 1909

*La Peche de la Morue en Islande (à chalut)* og *La Peche de la Morue en Islande (à la ligne)* frá árinu 1909 eru með merkari heimildarmyndum sem Kvikmyndasafnið varðveitir. Þó þær séu franskar og lýsi fiskveiðum Frakka við Íslandsstrendur í upphafi 20. aldarinnar þá varpa þær ómetanlegu ljósi á einn mikilvægasta kaflann í íslenskri atvinnusögu, sem eru umskiptin frá þilskipaveiðum yfir í togveiðar. Fyrsti togari Íslendinga kom til Hafnarfjarðar árið 1905 en fyrstu togarafélögin í Reykjavík voru stofnuð árið 1906. Árið 1907 kom Jón forseti, fyrsti sérsmíðaði togarinn, til landsins og sigldi með ferskan fisk á Englandsmarkað þá um haustið. Aðeins tveimur árum síðar kvikmynduðu Frakkar breytinguna frá þilskipaveiðum til botnvörpuveiða.

### ÍSLAND, 1921, DANMÖRK 1921, SVÍÞJÓÐ 1920, FRAKKLAND 1909

Millitextar

YFIR. AF FILMU, svart/hvít

Lengd: 67 mín


Kvikmyndatökumenn: Gustav Boge, Magnús Ólafsson, ljósmyndari og Peter Petersen (Bíópetersen), forstjóri, óþekktir franskir kvikmyndatökumenn.

Sérvalin tónlist.

Áður sýnt 11. og 15. október 2011

Sýningar í október 2012						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

## SAGA BORGARÆTTARINNAR, 1. OG 2. HLUTI



### 1. hluti: Ormar Örlygsson og Danska frúin á Hofi (Þri.)

### 2. hluti: Gestur eineygði og Örn hinn ungi (Lau.)

Minningin um fyrstu bíómyndina sem tekin var á Íslandi hefur lifað með þjóðinni í meira en 90 ár. Taka hennar árið 1919 vakti feikna athygli og spennan í kringum frumsýninguna í tveimur hlutum í ársbyrjun 1921 var gríðarleg. Ólafur L. Jónsson sýningastjóri Nýja Bíós og snattari við gerð myndarinnar fullyrðir í viðtali árið 1965 að Borgarættin hafi verið dýrasta og vinsælasta kvikmyndin sem Nordisk Film hafði framleitt þá og ein sú mest sýnda og ábatasamasta sem Nýja Bíó hafði fengið til sýningar „þótt þögn væri“.

*Saga Borgarættarinnar*, sem frumsýnd var í byrjun ársins 1921, vakti mesta athygli af þeim kvikmyndasýningum sem í boði voru þetta árið enda landsmenn minnugir alls tilstandsins þegar þessi stórmynd var kvikmynduð í Reykjavík, á suðurlandi og í Reykholti í Borgarfirði sumarið 1919, ótrúleg framkvæmd hvernig sem á hana er litið. Hér var um stórmynd í tveimur hlutum að ræða á mælikvarða þess tíma. Í Reykjavík voru reistar leikmyndir fyrir innimyndatökur í íslenskum húsakynnum en innitökur atriða sem gerðust í Kaupmannahöfn fóru fram í stúdíum Nordisk Films þar í borg. Myndin var frumsýnd í Kaupmannahöfn árið 1920 og gekk vel og sama á við um sýningar í öðrum löndum.

Mikið var skrafað og skrifað um myndina í blöðin hér heima. 4. og 5. febrúar voru báðir hlutarnir sýndir í einu lagi og hægt að fá sér kaffi á milli í 20 mínútna hléi, „og verður séð um fljóta afgreiðslu“ eins og segir í auglýsingu bíósins. Sunnudaginn 6. febrúar var haldið áfram að sýna hana og voru fyrstu fjórir þættirnir á barnasýningu kl. 5.

Það er Magnúsi Jóhannssyni og Nýja Bíói að þakka að Saga Borgarættarinnar hefur varðveist heil fram til þessa dags. Kvikmyndasafnið vinnur að því að fullgera nýja stafræna útgáfu upp úr því efni myndarinnar sem best hefur varðveist.



Sýningar í nóvember 2012						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00		1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	1
og desember 2012						
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15

### DANMÖRK, 1920

Frumnýnd á Íslandi í Nýja Bíó: 8. janúar 1921

Íslenskir millitextar (Þýðing Árna Óla)

Leikstjóri: Gunnar Sommerfeldt (1890–1947)

Aðalleikarar: Guðmundur Thorsteinsson (Muggur), Frederik Jacobsen Gunnar Sommerfeldt, Ingeborg Spangsfeldt, Inge Sommerfeldt.

Tónlist: JÓN LEIFS (Sögusinfónían op. 26, konsert fyrir orgel og hljómsveit op. 7, NIELS W. GADE (í bláa hellinum), FELIX

MENDELSSOHN (Fiðlukonsert op. 64), FRÉDÉRIC CHOPIN og ARTUR SCHNABEL.

YFIR. AF FILMU, svart/hvít. 1. hl. á þriðjudögum, 2. hl. á laugardögum.

Kvikmyndasafnið setti myndina saman úr öllu besta fánlega filmuefni hennar, endurhannaði millitextaspjöldin og klippti inn á sína staði.

Einnig hefur verið valin ný tónlist við myndina.



## BERG-EJVIND OCH HANS HUSTRU




Sænska kvikmyndin *Fjalla-Eyvindur og kona hans* er byggð á leikriti Jóhanns Sigurjónssonar, *Fjalla-Eyvindi*, þar sem stóru stefmannlífsins líf og dauði, ást og fórn, vinátta og afbrýði og að lokum hatríð eru til umfjöllunar í átakamikilli ástarsögu þeirra Eyvindar og Höllu. Þau neyðast til að segja sig úr lögum við samfélagið og flýja til fjalla. Andstætt mannheimum eru fjöllin þeim hliðholl í fyrstu. Þau eignast þar dótturina Tótu og komast vel af. En þar kemur að náttúran býr þeim örlög, sem að lokum dregur þau öll til dauða. Náttúran gaf og náttúran tók...

Myndin markar þáttaskil í þróun myndmálsins í alþjóðasögu kvikmyndanna og kom Svíþjóð sem kvikmyndalandi á heimskortið. Náttúruöflin og hrikalegt landslagið gegndu svo nýstárlegu hlutverki í myndinni.

Jóhann Sigurjónsson segir frá því að heimsstyrjöldin fyrri hafi komið í veg fyrir að myndin væri tekin á Íslandi. En hann var mjög ánægður með upptökustaðina sem Sjöström valdi í nyrstu héruðum Svíþjóðar og Lapplands og bætti við að svipbrigði Eyvindar og Höllu í myndinni hefðu komið geði hans „í heima ástarinnar, í skuggaland þrautanna, út á hengiflug dauðans, já inn í friðarfaðm hans“.

Fjalla-Eyvindur var frumsýnd í aðalkvikmyndahúsi Stokkhólms, *Röda Kvarn*, á nýársdag 1918 en á Íslandi í *Gamla Bíói* á þáskum 21. apríl 1919. Hún gekk til 8. maí eða mun lengur en algengt var á þeim tíma og var endursýnd dagana 19. og 20. maí vegna fjölda áskorana.

Alþjóðlegar viðtökur voru góðar og höfðu Frakkar það á orði að fyrsti ástardúett kvikmyndanna hefði litið dagsins ljós.



### SVÍÞJÓÐ, 1918

Frumkýnd á Íslandi í Gamla Bíó 21. apríl 1919

Lengd: 90 mín

YFIRF. AF FILMU, svart/hvít

Stjórn: Victor Sjöström

Handriti: Victor Sjöström eftir leikriti Jóhanns Sigurjónssonar

Kvikmyndataka: Julius Jaenzon

Aðalleikarar: Victor Sjöström, Edith Erastoff.

Sýnd með sérsaminni tónlist eftir Atla Heimi Sveinsson.

Flytjendur: Kammersveit Hafnarfjarðar undir stjórn Guðna

Franzsonar

Íslenskir millitextar í þýðingu Jóns Viðars Jónssonar

Sýnd er endurgerð útgáfa Kvikmyndasafns Íslands frá árinu 2008, sem útbúin var í tilfelli af 30 ára afmæli safnsins það ár.

Sýningar í janúar 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
og febrúar 2013						
27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	1	2

## MIÐBIK 20. ALDARINNAR Í LIFANDI MYNDUM

Hér koma saman í einni syrpu kvikmyndir úr þjóðlífi Íslands á árunum 1939 - 1968 eins og það blasti við kvikmyndatökumönnunum Lofti Guðmundssyni, Óskari Gíslasyni, Vigfúsi Sigurgeirssyni, Þorgeiri Þorgeirssyni og Ásgeiri Long auk fréttamyndatökumanna sjónvarpsins og

áhugatókumannanna Jóns Ármanns Héðinssonar og Franz Péturssonar. Þættir þessir voru sýndir sem aukamyndir á undan aðalsýningu safnsins á síðasta sýningarmisseri með sérvalinni tónlist en hafa nú verið settar saman í tímaröð. Þessi syrpa gefur innsýn í myndaalþing þjóðarfjölskyldu.



1939 Sea Harvest (Sjávaraflí). Loftur Guðmundsson



1947 Ísland í myndum, Loftur Guðmundsson




1947 Nýsköpunartogar Óskar Gíslason og Vigfúsi Sigurgeirsson



1947 Snorrahátíðin í Reykholti Óskar Gíslason



1952 Svipmyndir af Ásgeiri Ásgeirssyni forseta. Vigfúsi Sigurgeirsson



1952 Fegurðarsamkeppni í Tívoli Loftur Guðmundsson



1967 Síldveiðar í Norðurhöfum Jón Ármann Héðinsson



1967 Maður og verksmiðja Þorgeir Þorgeirsson



1968 Álverið í Straumsvík, Búrfellsvirkj. Sjónvarpið, Ásgeir Long



1968 Strætisvagnar Reykjavíkur Franz Pétursson

Sýningar í mars 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

### ÍSLAND, 1939 - 1968

Heildarlengd: 85 mín

YFIRF. AF FILMU, svart/hvít og litur

Sérhver þáttur er sýndur með sérvalinni tónlist ef hljóðrás fylgir ekki frummyndinni.




## TÍMI ÁRÓÐURSKVIKMYNDANNA

**Vigfús Sigurgeirsson (1900-1984).** Eftir að Vigfús kom heim frá Þýskalandi árið 1936, þar sem hann hafði kynnt sér bæði ljósmyndun og kvikmyndagerð tók hann til við að gera landbúnaðarkvikmynd fyrir Samband Íslenskra samvinnufélaga og í framhaldi af því kynningarmynd um Ísland til sýningar á heimssýningunni í New York. Nefndist hún Stepping Stone Between the Old and the New. Vigfús gerði tvær aðrar meiri háttar þjóðháttamyndir, Skaftfellingamyndina og Í dagsins önn, sem sýnd var í 11 þáttum í sjónvarpinu í kringum 1980. Hún lýsir horfnum búskaparháttum og styðst við sviðsett atriði. Hún var einnig útgefin á 35mm filmu á þjóðhátíðarárinu 1974. Eitt merkilegasta framlag Vigfúsar til Íslenskrar kvikmyndasögu hljóta hins vegar að teljast heimildarmyndir hans um embættisverk fyrstu þriggja forseta lýðveldisins en þar naut hann stuðnings Sveins Björnssonar, sem lagði grunninn að því strax við stofnun embættisins að ljósmyndir væru teknar af öllum helstu embættisverkum forseta Íslands.



### ÍSLANDSMYND SÍS Stepping Stone between the Old and the New Worlds



Íslandsmýnd Sambandsins, sem Vigfús Sigurgeirsson kvikmyndaði og Sigfús Halldórs frá Höfnum hafði hönd í bagga með, er ein af þessum ægifygru heimildarmyndum um íslenskt þjóðlíf sem urðu til á seinni hluta fjórða áratugarins.

Myndin lýsir árshring mannlífsins í gamla bændasamfélaginu frá vori og fram á vetur og eru heyannimar og myndir úr verksmiðjum fyrir landbúnaðarafurðir ómetanlegar gersemar fyrir okkur sem þjóð.

Árið 1939 var haldin heimssýning 62ja þjóða í New York. Hún stóð yfir frá vori og fram á haust. Íslendingar ákváðu í lok kveppuáratugarins að nýta þetta tækifæri til landkynningar með trukk. Það varð til þess að Vigfús Sigurgeirsson tókst á hendur gerð

mikillar kynningarkvikmyndar í framhaldi af og meðfram gerð SÍS myndarinnar. Þetta var *Stepping Stone between the Old and the New Worlds* eða *Ísland, áfangastaður á milli gamla og nýja heimsins* sem jafnframt er fyrsta litmyndin tekin af Íslendingi á Íslandi. Loftur Guðmundsson gekk frá úrdrætti úr sjávarútvegsmynd til nota á heimssýningunni og nefnir þá útgáfu *Sea Harvest*. Mark Watson hafði verið við litmyndatökur á Íslandi árið 1938 og bauð nú skipuleggjendum hátíðarinnar afnot af sínu efni. Svipað var uppi á teningnum hjá danska orlogskafteininum A. M. Dam sem einnig hóf tölur Íslandsmýndar sinnar sumarið 38. Hann bjó til úrdrátt úr því efni fyrir heimssýninguna og nefndi einfaldlega *Iceland*. Sennilega hafa heimildarkvikmyndir aldrei verið jafn mikilvægar landi og þjóð og á þessum tíma sem er áhugavert í ljósi þess sem var að gerast erlendis á sviði kynningar- og áróðurskvikmynda. Þar var Þýskaland nazismans fremst í flokki. Vigfús kynntist t.d. aðalkvikmyndatökumanni Tobis kvikmyndafélagsins, sem laut yfirstjórn Göbbels, áróðursmálaráðherra Hitlersstjórnarinnar og hafði mikil not af að eigin sögn. Ekki er ósennilegt að Vigfús hafi orðið fyrir áhrifum af fagurfræði áróðursmynda Evrópu á þessum árum.



#### ÍSLAND, 1939

Sýnd í Hafnarfjarðarbiói 1. apríl 1939

Lengd alls: 68 mín

YFIRF. AF FILMU, svart/hvít og litur

Þögnul með millitextum.

Sýnd með sérvalinni tónlist

Stjórn, kvikmyndataka, klipping: Vigfús Sigurgeirsson


Handrit: Sigfús Halldórs[son] frá Höfnum

Framleiðandi: Samband íslenskra samvinnufélaga.

Sýningar í apríl 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

## KVIKMYNDIR ÓSVALDAR KNUDSEN

**Ósvaldur Knudsen (1899 - 1975)** var fæddur árið 1899 á Fáskrúðsfirði og lést í Reykjavík árið 1975. Því hefur verið haldið fram að hann hafi fyrstur hafið skipulega gerð heimildarkvikmynda á Íslandi. Margar kvikmyndir hans hlutu fjölda verðlauna víða um heim. Ósvaldur naut þeirrar gæfu að fá til liðs við sig úrvals samstarfsmenn þar sem fara fremstir í flokki þríeykið Kristján Eldjárn þjóðminjavörður og Sigurður Þórarinnsson prófessor sem sömdu og fluttu texta flestra kvikmyndanna og Magnús Blöndal Jóhannsson tónskáld, sem samdi framúrskarandi tónlist við margar mynda hans. Þá er þáttur sonar Ósvaldar, Vilhjálms, ekki lítil. S-myndirnar þrjár, sem safnið sýnir nú og frumsýndar voru saman árið 1965, mynda merkilega heild og bera með sér hve máttur heimildarmyndarinnar getur verið mikill. Þær tengja saman sköpun lands, forna sambúð manns og lands og nýja sambúð manns og lands.



### Surtur fer sunnan

*Surtur fer sunnan* lýsir einstökum atburði þegar jörð reis úr sæ og bættist við Vestmannaeyjaklasann svo að eftir var tekið víða um heim.

Kvikmynd Ósvalds sýnir sögu gossins frá upphafi (1963) og til þess tíma að lífið tekur sér bólfestu á þessu nýja landi (1965). Ósvaldur fór tugi ferða til Surtseyjar og a.m.k. tólf sinnum gekk hann þar á land. Haft var eftir dr. Sigurði Þórarinnssyni að orð væru lítils megnug til að lýsa Surtsgosinu, sem hefur að geyma sprengigos í furðulegustu myndum, glóandi hraunelfur og samskipti lands og sjávar. Hin elektróníska tónlist Magnúsar eykur skemmtilega áhrifamátt myndarinnar og undirstrikar tilfinningu áhorfandans fyrir því að vera staddur í nýsköpuðum heimi, líkast því sem hann væri staddur á ókunnri plánetu.

### Sveitin milli sanda

*Sveitin milli sanda* er um mannlíf og hverfandi þjóðhætti í stórbrotnu umhverfi Örafanna, þar sem skiptast á jöklar, grösugar hliðar og sendin ströndin. Ósvaldur bregður upp myndum af lífnaðarháttum fólks í þessari einangruðu sveit, búskaparháttum, sem þá voru að hverfa af sjónarsviðinu eins og hvernig Örafingar gerðu til kola. Álitid var þá að þeir kynnu einir landsmanna til slíkra verka. Tónlist við myndina samdi Magnús Bl. Jóhannsson að öðru leyti en því, að á einum stað er leikið lagið *Allt eins og blómstrið eina* en í eftirminnilegri útsetningu Magnúsar.

Titillag myndarinnar, sem sungið er af Ellý Vilhjálms, lifir með þjóðinni enda má telja það eina af helstu söngperlum tónlistarsögu Íslendinga.

### Svipmyndir

*Svipmyndir* er eins konar frumheimildarmynd sem varðveitir ómetanlegar heimildir um fólkið sem setti mestan svip á stjórnmála- og menningarlífi þjóðarinnar um miðbik síðustu aldar. Sjást sumir þeirra að starfi, málara með léreft og litaspjald gera frumdrög að myndum úr íslenskri náttúru og myndhöggvarar að móta leir í vinnu stofum sínum. Einnig má nefna merkismenn eins og séra Friðrik Friðriksson, æskulýðsfrömuð, séra Bjarna Jónsson, dómkirkjuprest, Árna Thorsteinsson, tónskáld, Matthías Þórðarson, þjóðminjavörður, Valtý Stefánsson, ritstjóra og listmálarana Jón Stefánsson og Ásgrím Jónsson, Júlíönu Sveinsdóttur og Kristínu Jónsdóttur. Myndin endar á stórlistamönnum, skáldum og stjórnmálamönnum að koma til 75 ára afmælisveislu Gunnars Gunnarssonar skálds í ráðherrabústaðnum árið 1964.

#### ÍSLAND, 1965

Frumssýning í Gamla Bíó: 26. mars 1965

Lengd syrpunnar: 78 mín

YFIRF. AF FILMU, litur

Sýningar í maí 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

Stjórn, kvikmyndataka, klipping: Ósvaldur Knudsen

Textahöfundar og þulir: Dr. Sigurður Þórarinnsson og Dr. Kristján Eldjárn (*Svipmyndir*).

Höfundur tónlistar: Magnús Blöndal Jóhannsson (Magnús Blöndal valdi tónlist eftir J.B. Bach við *Svipmyndir*)



## SVIPMYNDIR ÚR DAGLEGU STARFI



Þórarinn Guðnason



Megin hlutverk Kvikmyndasafns Íslands er er líkt og hjá systursöfnum þess um víða veröld fimmskipt: Söfnun. Varðveisla. Skráning og gagnasöfnun. Sýningar og önnur miðlun. Rannsóknir og efling kvikmyndamenningar þjóðarinnar.

## INNAN VEGGJA KVIKMYNDASAFNS ÍSLANDS



Starfsmenn kvikmyndasafna þurfa að hafa þekkingu til að greina kvikmyndfilmur tæknilega allt frá negatífi og upp í sýningareintak en þar á milli getur verið langur vegur þar sem við sögu koma fine grain pósitíf filma, duplíkat negatíf filma, vinnukópía, prufukópía, negatífar og pósitífar afklippur, kvartommubönd, perfbönd sem geyma hljóðrásir frá frumhljóði upp í lokamix, hljóðnegatíf o.s.frv. Þegar myndbönd, geisladiskar og rafræn eintök eru meðtalin eru flokkarnir um 245 talsins.



*VARÐVEISLA. BARÁTTAN VIÐ EYÐINGARÖFLIN. Fram til þessa hafa eldfilmur filmur (nítat), verið ofurseldar eyðingaröflunum, og stórhættulegar vegna íkveikju- og sprengihættu. Nú hefur það gerst í fyrsta sinn hér á bæ að perfhljóðbönd hafa sprengt málmumbúðir sínar eftir að hafa gengið í efnasamband við þær.*



Sigurjón Jóhannsson



Erlendur Sveinsson

SKRÁNING. Hér er kominn haugur inn gólf af frumfilmum frá Nordisk Films framköllunarfyrtækinu í Kaupmannahöfn. Efnið þarfnast flokkunar, greiningar og skráningar. Þetta er fyrsta aðfang ársins 2012. Stífla myndast í uppröðun kvikmynda í frysti- og kælugeymslum safnsins ef ekki er tekist á við skráningu, merkingu og endanlegan frágang aðfangsins í merktum nýjum umbúðum (kassar á bak við tölvuna).



Hallur Erlendsson  
Gumpóra Halldórsdóttir

HEIMILDA- OG GAGNASÖFNUN. Allt prentefni, sem varðar kvikmyndir, er flokkað og skráð.



Sigfús Guðmundsson

SÝNINGAR. Skönnun kvikmynda er liður í varðveislu þeirra og skapar aukna möguleika á sýningum í cinemateki safnsins í Bæjarbíói.





# SÝNINGAR KVIKMYNDASAFNS ÍSLANDS 2012 - 2013

Sýningar í september 2012						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29

Sýningar í október 2012						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Sýningar í nóvember 2012						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	1
og desember 2012						
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15

Sýningar í janúar 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
og febrúar 2013						
27	28	29	30	31	1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	1	2

Sýningar í mars 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Sýningar í apríl 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

Sýningar í maí 2013						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
		20:00				16:00
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

## AKUREYRARKVIKMYNDIR 1907 - 1969

Friðrik konungur áttundi heimsækir Ísland (1907)  
 Konungskoman til Akureyrar (1926)  
 Heimsókn Sveins Björnssonar, forseta um 1946  
 Þættir frá Akureyri um 1950 eða þar um bil  
 Úr safni heimildarkvikmynda frá Akureyri 1942-69

## KVIKMYNDIR FRÁ ÁRUNUM 1921 OG 1909

Íslenskar kvikmyndir (1920/1921)  
 Konungskoman 1921  
 Fyrsti þúfnabaninn 1921  
 Þorskveiðar við Íslandsstrendur (í vörpu og á línu) 1909

## SAGA BORGARÆTTARINNAR, 1. OG 2. HLUTI

1. hluti: Ormar Örlygsson og Danska frúin á Hofi  
*Sýningar á þriðjudögum*  
 2. hluti: Gestur eineygði og Örn hinn ungi  
*Sýningar á laugardögum*

## BERG-EJVIND OCH HANS HUSTRU eða Fjalla- Evindur og kona hans

Þögul sænsk kvikmynd gerð eftir leikriti Jóhanns Sigurjónssonar árið 1918.

## MÍÐBIK 20. ALDARINNAR Í LIFANDI MYNDUM

10 kvikmyndapættir frá árunum 1939 - 1968

## TÍMI ÁRÓÐURSKVIKMYNDANNA

Íslandsmynd SÍS  
 Stepping Stone between the Old and the New Worlds

## KVIKMYNDIR ÓSVALDAR KNUDSEN

Surtur fer sunnan  
 Sveitin milli sanda  
 Svipmyndir